

Vildarvinir Skaftfellingafélagsins

Vildarvinum Skaftfellingafélagsins sem hafa látið fé af hendi rakna til þess, gegnum heimabankann sinn, eða með öðrum hætti, fjölgar alltaf hægt og bitandi. Sú fjárhæð sem þannig hefur safnast skiptir félagið gríðarmiklu máli og einnig velvildin sem að baki býr. Hvorutveggja ber að þakka.

Áfram verður þeim sem eru á skrá hjá félaginu gefinn kostur á að styrkja starfsemi þess, án þess að um kvóð sé að ræða. Því getur fólk búist við að sjá nafn félagsins poppa upp í heimabankanum á þessu starfsári eins og tveimur síðustu. Einnig er hægt að leggja inn á reikning þess kr. 2.000:

Skaftfellingafélagið í Reykjavík; bankanúmer: 0526-14-102225; kennitala: 580269-7299. Með fyrirfram þakklæti og ósk um góðar stundir á komandi vetri.

Aðventustund

sunnudaginn 6. desember 2015, kl. 15 í Skaftfellingabúð

Aðventustundin verður með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Söngfélagið syngur jólalög, bornar verða fram glæsilegar kaffiveitingar, gengið í kringum jólatré með sveinum, sprelli og söng.

Aðgangseyrir kr. 1500 fyrir fullorðna.



Söngfélag Skaftfellinga

Söngfélag Skaftfellinga er nú að hefja sitt 43. söngár. Æfingar vetrarins eru að jafnaði um 30 og verða öll þriðjudagskvöld kl. 20 í Skaftfellingabúð. Fyrsta æfing haustsins var 15. september sl. og þótt fimm æfingar séu afstaðnar er alls ekki of seint að slást í hópinn. Æskilegast er þó alltaf að vera með frá haustbyrjun.

Kórstjóri Söngfélagsins er Friðrik Vignir Stefánsson og formaður Sveinn Hjörtur Hjartarson, s. 824 2309. Nýir söngfélagar greiða ekki kórgjald fyrsta misserið.

Stjórn Skaftfellingafélagsins 2015-2016

Skúli Oddsson, formaður	587 1799	864 3415	skuli.oddsson@uar.is
Anna Sigurðardóttir	564 2210	861 5817	anna@brunabot.is
Jón Geir Birgisson	567 5558	865 6604	jongeir@reykjafell.is
Njörður Lárusson		865 1520	njoddi@hotmail.com
Svavar M. Sigurjónsson	564 0670	698 9053	svavar@teknik.is

Varamenn Gunnþóra Gunnarsdóttir – Hákon Jón Kristmundsson – Rúnar Þór Guðbrandsson

Netfangasöfnun

Munið að senda inn netföng á skaft@skaft.is

Skaftfellingabúð

Útleiga Skaftfellingabúðar er í umsjón Skúla Oddssonar s. 864 3415.



Fréttabréf

Skaftfellingafélagið í Reykjavík • Laugavegi 178 • 105 Reykjavík • Sími 553 9955
Ritstjóri: Sigurtaug J. Sigurðardóttir

2. töl. október 2015

- **Spilakvöld**
í samstarfi við Rangæinga
í Skaftfellingabúð
fimmtudaga kl. 20
15. október 2015
29. október 2015
12. nóvember 2015
26. nóvember 2015

- **Myndakvöld**
í Skaftfellingabúð
fimmtudag kl. 20
5. nóvember 2015

- **Öræfaball**
í Skaftfellingabúð
laugardag kl. 20
21. nóvember 2015

- **Aðventustund**
í Skaftfellingabúð
sunnudag kl. 15
6. desember 2015

- **Söngfélagið**
í Skaftfellingabúð
Söngæfingar
þriðjudagskvöld kl. 20

- **Skálm**
Miðvikudaga kl. 19:30
Laugardaga kl. 11:00

Skaftfellingafélagið
í Reykjavík er á

[facebook](#)

Endursendist með upplýsingum um
nýtt pósthfang ef viðtakandi er fluttur

Fýlaveisla

Hin árlega og ómissandi fýlaveisla verður
í Skaftfellingabúð fyrsta vetrardag,

laugardaginn 24. október 2015

og hefst með borðhaldi kl. 20.

Húsið verður opnað upp úr kl. 19.

Að venju verður borinn fram saltaður fýll úr Mýrdalnum,
veiddur af Tryggva Ástþórssyni o.fl. og verkaður
undir vökulum augum Málfríðar Eggertsdóttur.
Þá verður boðið upp á hangikjöt og meðlæti,
flatkökur frá Mörk, rófur frá Þórissholti
og kartöflur frá Seljavöllum.

Hljómsveit hússins leikur fyrir dansi
og auk þess verða leikin létt lög af plötum



Miðapantanir til og með 22. október
Hákon (821 2115) & Helgi (899 4818)

Aðgangur kr. 6.500

Spilakvöld

Eins og tíðkast hefur síðustu ár, stendur Rangæingafélagið fyrir spilakvöldum í Skaftfellingabúð í samvinnu við Skaftfellingafélagið. Framundan eru fjögur fimmtudagsspilakvöld undir stjórn Gunnars Guðmundssonar og Sigurjónu Björgvinsdóttur Rangæinga.

Verðlaun verða veitt fyrir hvert kvöld og svo heildarverðlaun í lokin, en það er helgardvöl í orlofshúsi Rangæingafélagsins.

Aðgangseyrir er kr. 1000, innifalið kaffi og meðlæti.

Spilakvöld verða sem hér segir: **15. og 29. október, 12. og 26. nóvember** – kl. 20:00.

Myndakvöld ~ 5. nóvember

Fimmtudaginn 5. nóvember, kl. 20 í Skaftfellingabúð sýnir Arnar Bjarnason frá Þykkvabæ í Landbroti myndir frá gönguferð úr sæluhúsinu við Blæng á Austursíðuafretti yfir í Núpsstaðarskóga. Aðgangseyrir 1000 kr. – Innifalið er kaffi og kruðerí.

Öræfaball ~ 21. nóvember

Fimm ár eru síðan Öræfingar hóuðu í fyrrum sumardvalarbörn og héldu samkomu í Skaftfellingabúð. Nú á að endurtaka leikinn með kvöldskemmtun laugardaginn 21. nóvember. Dagskráin er ómótuð nema hvað Jónína Ara syngur nokkur lög og vonandi Öræfingakórinn, myndasýning verður á tjaldi og Grétar Örvarsson ætla að leika fyrir dansi. Aðalatriðið er að hitta mann og annan, taka lagið og tjútta smávegis.

Bréf verða send í tölvupósti og upplýsingar settar á www.skaft.is þegar nær líður.



Dynskógar – rit Sögufélags V-Skaftafellssýslu er væntanlegt í nóvember

Ellefu dægurlög

Hornfirðingurinn Grétar Örvarsson er Skaftfellingum að góðu kunnur. Í gegnum tíðina hefur hann sungið og spilað við hin ýmsu tækifæri fjölda dægurlaga sem mörg hver hafa orðið feikn vinsæl. Nú var hann að gefa út disk. Flest laganna hafa verið gefin út áður í flutningi frábærra tónlistarmanna. Dægurlögin sem urðu fyrir valinu núna koma úr ýmsum áttum. Hægt er að panta diskinn í gegnum síma: 898 1010 og 699 2270 eða netfangið: baxehf@gmail.com.



Sumarskálmi ~ 18. - 20. júní 2015

Skálmarar hafa mörg undanfarin ár skipulagt svokallað Sumarskálmi þar sem oftast hefur verið gengið á heimaslóðum í Skaftafellssýslum, en einnig víða annars staðar. Nú var ákveðið að ganga nokkrar dagleiðir í nágrenni Kirkjubæjarklausturs og Lilja Magnúsdóttir sá um skipulag og leiðsögn, en hún hefur undanfarin ár búið á Klaustri og einnig tekið saman rit með gönguleiðum þar í kring. Fyrir valinu urðu þrjár skemmtilegar gönguleiðir og var ágætis veður alla dagana. Fyrsta daginn var gengið frá hlaðinu á Hunkubökkum upp á Hunkubakkaheiðina og síðan eftir stikaðri leið í átt að Klaustri, með góðu útsýni yfir Hólm, Eldmessutanga, Systrastapa og allt Eldhraunið. Því næst var gengið inn Klausturheiðina að fallegum fossum og flúðum í ánni Stjórn og inn að eyðibýlum á heiðinni, en þar var búið langt fram á síðustu öld. Komið var niður hjá Kleifum, gengið að Stjórnarfossi, en 14 km dagsöngu lauk við Systrafoss.

Á öðrum degi var ekið inn á veginn í átt að Laka og bílum lagt rétt fyrir innan Rauðhól við gamlan línuveg. Gengið var á Rauðhól sem varð til í sprengigosi. Þaðan lá leiðin að eyðibýlinu Hervararstöðum sem var eitt heiðarbýlanna og fór í eyði 1916, en rústir bæjarins sjást mjög greinilega. Það er sérstakt að ímynda sér að þarna hafi verið byggð fyrir tæpri öld. Frá eyðibýggðum í heiðinni var gengið með Holtsánni niður í Holtsdal þar sem áin var all oft vaðin. Í Holtsdal er skógrækt og afar friðsælt. Gengið fram hjá tveimur sumarbústöðum, en 18 km göngu um heiðarlöndin lauk á hlaðinu í Holti.



Eldmessutangi, Skaftá og Hólmur í Landbroti ljósm. GO



Áð á Hervararstöðum. Lilja og Lauga Rauðhóll í baksýn ljósm. GO



Mávavötn með hraunbrúninni sunnan Botna ljósm. GO

Laugardaginn 20. júní var ekið út Eldhraunið að bænum Botnum í Meðallandi þaðan sem lagt var upp síðasta göngudaginn. Gönguleiðin liggur meðfram Eldhrauninu eftir vegaslóðum og fram hjá óteljandi uppsprettulindum sem streyma undan hrauninu og renna þaðan út í Eldvatnið. Það er tilkomumikið að kynnast Eldhrauninu og Eldvatninu á þessari 15 km göngu og skynja umfang þessa gríðarmikla hrauns. Áhugavert er að sjá hversu gróið hraunið er á þessum slóðum og fjölbreytni flóru og fuglalífs í návist þess og uppsprettanna. Þennan dag var kjörið að rifja upp sögu Skaftáreldanna 1783 og hversu gríðarleg áhrif eldarnir höfðu á náttúruvar og byggð á svæðinu. Einnig áhrif Móðuharðindanna á íslenskt samfélag og nágrennalöndin, en víða í Evrópu varð uppskerubrestur því þar kólnaði í veðri vegna Skaftáreldanna.

Steinunn, Sveinn, Jóna Lís, Elín, Lauga og Guðni þakka Lilju einstaklega góða og fræðandi daga.